

Um vöktun á kampýlóbakter í alifuglum og afurðum alifugla

Áður en ófrystum eða óhitameðhöndluðum sláturafurðir alifugla er dreift á markaði skal sýna fram á það með sýnatöku að ekki hafi greinst kampýlóbakter í framleiðslu.

Matvælafyrirtæki geta valið milli þriggja valkosta hvernig sýni eru tekin. Að minnsta kosti eitt af eftirfarandi sýnum skal tekið til að sýna fram á að í því hafi ekki greinst kampýlóbakter:

1. Sýni getur verið tekið úr eldishópi á eldistímanum, eða
2. Sýni getur verið tekið úr sláturhópi við slátrun, eða
3. Sýni getur verið tekið úr afurðum alifugla.

Rannsóknarniðurstöður skulu liggja fyrir áður en sláturafurðum er dreift á markaði.

Í [Landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt](#) kemur meðal annars fram með hvaða rannsóknaraðferðum sýni eru rannsökuð og hvernig niðurstöður eru túlkaðar.

Í þessum leiðbeiningum er sýnatökum úr alifuglahópum í eldi lýst.

Svona skal sýni tekið

Sýnið er tekið **innan 5 daga fyrir slátrun**, ef ætlunin er að dreifa afurðum hópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Safnsýnið er samsett úr 10 sýnum af **nýjum** saur, minnst 10g samtals, óháð stærð fuglahópsins. Saur-sýnin skulu tekin **viðsvegar** úr eldishúsinu og sett í nýtt hreint ílát. Við sýnatökur skal nota einnota hanska.

Safnsýnið er sent á [opinbera rannsóknastofu](#) ef rannsóknin fer fram hér á landi eða á erlenda rannsóknarstofu með faggildingu fyrir rannsóknaraðferðina ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- Sendandi sýnis, þar er sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis og greiðandi sýnis, ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast: Kampýlóbakter – greining (skv. ISO staðli 10272-1:2017 eða með öðrum sambærilegum greiningaraðferðum)
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps
- Alifuglategund

Sýnið skal geyma og flytja við stofuhita til opinberrar rannsóknarstofu innan við 24 klst. frá sýnatöku. Sýnið skal varið sólarljósi. Ef það næst ekki skal geyma og flytja sýnið til opinberrar rannsóknarstofu við hitastig milli 1-8°C.

Að hámarki skulu líða 48 klst. frá töku sýnis þar til rannsókn hefst. Sýni sem hafa náð 0°C eða undir eru ekki hæf til rannsókna.

Sýnatökubúnaður

- Plastpoki / ílát
- [Eyðublað Matvælastofnunar](#) eða sambærilegt eigið rannsóknareyðublað
- Tússpenni / límmiðar
- Kassi til sendingar
- Kælibúnaður eftir þörfum

Þessar leiðbeiningar eru gefnar út í samræmi við [Landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt](#).

Síðast uppfært: 20.12.2019